Umsögn Vestmannaeyjabæjar um tillögu til þingsályktunar um minnisvarða um eldgosin í Surtsey og Heimaey

Bæjarráð Vestmannaeyja tekur heilshugar undir tillögu til þingsályktunar um minnisvarða um eldgosin í Surtsey og og Heimaey, 179. mál, sem lögð hefur verið fram af hálfu átta þingmanna Suðurkjördæmis.

Bæjarráð tekur jafnframt undir með flutningsmönnum þingsályktkunartillögunnar um að mikilvægt sé að þessara tímamóta verði minnst á veglegan hátt í Vestmannaeyjum sem og sögu eldsumbrotanna og samfélagsins. Auk þess að á að undirbúningsnefndinni verði gefið svigrúm til að safna hugmyndum og koma með tillögur sem ríma við atburðina og hvetja fólk til að heimsækja Vestmannaeyjar til að upplifa sögu samfélags þar og náttúrunna. Bæjarráð tekur jafnframt undir vonir um að minnismerki um eldgosin skapi sér sess í Vestmannaeyjum til frambúðar, verði þekkt kennileiti og áminning um þá atburði sem áttu sér stað og mótuðu sögu bæjarfélagsins.